



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrskurður 3/2023

ÚRSKURÐUR

Á fundi sem haldinn var 9. júní 2023 fjallaði Úrskurðar- og aganefnd um atvik sem varðar Ragnar Rafael Guðjónsson, en hann afskráði sig of seint úr úrslitum í V2 meistaraflokki á Íþróttamóti Harðar (Opna Mosfellsbæjarmeistaramótið 2023) sem fram fóru sunnudaginn 4. júní kl. 14.10.

Málsatvik

Í mótaskýrslu segir:

Afskráning kom of seint fyrir knap[p]an[n] Ragnar Rafael Guðjónsson, í V2 meistar[i]flokki, hann segir að hestur hafi slas[s]ast og það sé ástæða fyrir afskráningu og ætlar að skila inn læknisvottorði.

Ekki kemur fram í mótaskýrslu að yfirdómari eða yfirdómefnd hafi tekið þetta atvik til afgreiðslu líkt og þeim bara að gera samkvæmt 4. mgr. greinar Í1.7. (Dregið til baka úr keppni) í lögum LH.

Í ofangreindri reglur segir að keppandi sem ekki ætli að taka þátt í úrslitum skuli afskrá hest sinn úr úrslitum a.m.k. einni klukkustund áður en úrslit hefjast en eftir það tímamark sé einungis hægt að draga hest úr úrslitum að fyrir liggi “staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara. Að öðrum kosti er knapi dæmdur úr leik og allur árangur hans á mótinu strikast út. Yfirdómari skal tafarlaust senda tilkynningu til skráningar keppnisbanna og aðvarana hjá FEIF (e. FEIF Registrar of Bans and Warnings) og dæma knapa í tveggja vikna keppnisbann er hefst á mánudegi eftir að móti lýkur” eins og segir í reglunni.

Þar sem atvikið var ekki tekið til afgreiðslu af yfirdómara og yfirdómnefnd, tók Úrskurðar og aganefnd atvik þetta til afgreiðslu, samanber 8. mgr. gr. 4.3 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

Með tölvupósti dagsettum 7. júní sl. var keppandanum tilkynnt um að atvik þetta væri til umfjöllunar hjá Úrskurðar- og aganefnd og að í samræmi við ákvæði 4. mgr. greinar Í1.7 telji nefndi að brot þetta varði tveggja vikna keppnisbanni og allur árangur hans á mótinu skuli strikast út. Var honum gefinn kostur á því að koma á framfæri skriflegum mótmælum eða athugasemdum.

Í tölvupósti sem barst frá keppanda gaf hann þá skýringu að hestur hans hafi verið haltur og hann hafi því ákveðið að afskrá hann úr úrslitum. Það hafi hann gert kl.13.18 eða með tæplega klukkustundar fyrirvara, en úrslit í V2 meistaraflokki byrjuðu kl. 14.10 og talið að það væri nægur fyrirvari.

Niðurstaða

Samkvæmt 4. mgr. greinar Í1.7, skal keppandi sem ekki hyggst taka þátt í úrslitum, afskrá hest sinn úr úrslitum a.m.k. einni klukkustund áður en úrslit hefjast. Eftir það tímamark er “einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting á því að hesturinn (skoðaður af



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

dýralækni á keppnisstað) eða knapinn (samkvæmt læknisvottorði) teljist ekki hæfur til keppni, eða slíkt er ákvarðað af yfirdómara”, eins og segir í 4. mgr. greinar Í1.7.

Úrslit í þeirri keppnisgrein sem keppandi átti að taka þátt í byrjuðu kl. 14.10 sunnudaginn 4. júní, fyrir liggur að keppandinn afskráði hest sinn úr úrslitum kl. 13.18, eða 52 mínútum áður en úrslit áttu að hefjast, sem er brot á ofangreindri reglu.

Sé þessi regla brotin eru viðurlögin þau að keppandi skal dæmdur úr leik, allur árangur hans á viðkomandi móti skal strikaður út og hann skal dæmdur í tveggja vikna keppnisbann sem skal hefjast á mánudegi eftir að móti líkur.

Móti þessu lauk á sunnudeginum 4. júní sl. og í samræmi við ofangreinda reglu er það niðurstaða Úrskurðar- og aganefndar sú að keppandi skuli vera í keppnisbanni frá og með mánudeginum 5. júní til 19. júní 2023 og að allur keppnisárangur hans á mótinu skuli strikast út.

ÚRSKURÐARORÐ

Keppandinn Ragnar Rafael Guðjónsson skal vera í keppnisbanni frá og með mánudeginum 5. júní til mánudagsins 19. júní 2023 og allur keppnisárangur hans á íþróttamóti hestamannafélagsins Harðar (Opna Mosfellsbæjarmeistaramótið 2023) sem haldið var 2. – 4. júní skal strikast út.

Reykjavík 9. júní 2023

Ólafur Haraldsson, formaður

Pétur Örn Sverrisson

P.Skorri Steingrímsson